

# Það sem ekki má

Það má ekki pissa bak við hurð  
og ekki henda grjóti oní skurð  
ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó  
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða úti sjó  
og ekki fylla húfuna af snjó  
ekki týna blómin sem eru úti beði  
og ekki segja ráddi heldur réði.

Viðlag: Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið  
það er alltaf að skamma mann  
þó maður geri ekki neitt  
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall  
og ekki gefa ketti drullumall  
ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu  
og ekki týna orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inni búð  
og ekki gefa litla bróður snúð  
ekki fara að hlægja þó einhver sé að detta  
og ekki gera hitt og þetta.

Viðlag: þetta fullorðna fólk.....

